

Bogumil gegn Portúgal

Dómur frá 7. október 2008

Mál nr. 35228/03

3. gr. Bann við pyndingum

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Réttur til lögfræðiaðstoðar. Öflun sönnunargagna. Ómannúðleg meðferð. Læknisaðgerð.

1. Málsatvik

Kærandi, Adam Bogumil, er pólskur ríkisborgari, fæddur árið 1971. Þegar kæra í málinu var lögð fyrir dómstólinn var hann búsettur í Lissabon í Portúgal.

Í nóvember árið 2002 lenti kærandi á flugvelli í Lissabon á leið sinni frá Ríó de Janeiro í Brasilíu. Við leit töllyfirvalda fundust nokkrar pakkningar kókaíns í skóm hans. Hann upplýsti þá jafnframt að hann hefði gleypst enn aðra pakkningu. Í kjölfarið var hann sendur á spítala þar sem hann gekk undir aðgerð svo fjarlægja mætti umrædda pakkningu. Hann var svo ákærður fyrir ólögsmætan innflutning fíkniefna og um leið úrskurðaður í gæsluvarðhald. Í upphafi málsmeðferðar naut hann aðstoðar verjanda sem var lögfræðingur í starfsþjálfun. Með hliðsjón af því hversu alvarleg hugsanlega refsing kæranda gæti orðið var honum í janúar árið 2003 skipaður nýr og reyndari verjandi. Sá verjandi hafði hins vegar litla sem enga aðkomu að máli kæranda og óskaði þess að láta af störfum þremur dögum áður en meðferð sakamálsins hófst fyrir dómi. Sama dag og málsmeðferð fyrir dómi hófst var nýr verjandi skipaður og hafði sá eingöngu fimm klukkustundir til að kynna sér gögn málsins. Í september sama ár var kærandi sakfelldur og dæmdur til fjögurra ára og tíu mánaðar fangelsisvistar auk þess sem honum yrði vísað af landi brott að aflokinni afplánum og bönnuð endurkoma til landsins.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að hann hefði ekki notið raunverulegar lögfræðiaðstoðar á meðan mál hans var til meðferðar. Af þeim sökum hefði verið brotið í bága við rétt hans samkvæmt 6. gr. sáttmálans.

Að auki hélt hann því fram að við læknisaðgerðina sem honum hafði verið gert að sæta hefði hann mátt þola alvarlegt líkamlegt harðræði. Af þeim sökum hefði verið brotið í bága við rétt hans samkvæmt 3. gr. og 8. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Hvað varðaði lögfræðiaðstoðina benti dómstóllinn á að miðað við málavöxtu hefði það verið hlutverk innlendra dómstóla að tryggja að kærandi fengi notið sinna réttinda til fullnægjandi lögfræðiaðstoðar. Innlendir dómstólar hefðu hins vegar haldið að sér höndum að þessu leyti og brugðust þeir því skyldum sínum. Með hliðsjón af framangreindu var það því einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið í bága við 1. mgr. og c.lið 3. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn taldi að ekki hefði tekist að færa sönnur á hið meinta líkamlega harðræði sem kærandi hélt fram að hefði þurft að þola af aðgerðinni sem honum hafði verið gert að undirgangast. Af gögnum málsins mátti hvorki ráða að hann hefði gefið samþykki sitt, að hann hefði hafnað því að fara í aðgerð eða að hann hefði verið neyddur til að undirgangast hana. Dómstóllinn leit til þess að aðgerðin hefði verið framkvæmd með læknisfræðileg sjónarmið í huga, þ.e. til að koma í veg fyrir sýkingu sem hugsanlega gæti leitt til dauða kæranda. Var hún því ekki framkvæmd í þeim tilgangi að afla sönnunargagna í refsímáli gegn honum. Um var að ræða einfalda aðgerð og hafði kærandi notið aðhlynningar sérfræðinga á meðan hún átti sér stað og á meðan eftirmeðferð stóð yfir. Dómstóllinn taldi ekki sýnt fram á að þau heilsufarsvandamál sem kærandi hélt fram að hann hefði mátt þola frá aðgerð væru bein afleiðing hennar. Einróma niðurstaða dómstólsins var að aðgerðin gæti hvorki talist ómannleg eða vanvirðandi meðferð og af þeim sökum hefði ekki verið brotið í bága við 3. gr. sáttmálans.

Hvað varðaði meint brot á friðhelgi einkalífs og fjölskyldu kæranda samkvæmt 8. gr. sáttmálans þá taldi dómstóllinn að portúgölskum stjórnvöldum hefði tekist að gæta meðalhófs milli almannahagsmuna og hagsmuna kæranda, þ.e. heilsu hans og réttar hans til verndar gegn andlegu og líkamlegu harðræði. Af þessum sökum var það einróma niðurstaða dómstólsins að ekki hefði verið brotið í bága við 8. gr. sáttmálans.

Kæranda voru, með vísan í 41. gr. sáttmálans, dæmdar 3.000 evrur í miskabætur.